

## 10. Frumvarp

til laga um sundhöll í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

### 1. gr.

Alþingi heimilar landsstjórninni, að leggja alt að 100 þús. kr. móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur til að byggja sundhöll í Reykjavík er sje fullbúin til afnota vorið 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

- a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypís heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum bitaleiðslur þess skóla.
- b. Að sundhöllin sje í öllum aðalatriðum gerð samkvæmt þeirri teikningu, sem Guðjón Samúelsson húsameistari hefir gert fyrir Alþingi, þannig að laugarnar sjeu þrjár, samhliða, ein sjerstaklega ætluð íþróttamönnum, önnur til kenslu og hin þriðja með sjóvatni, er hitað sje með því að leiða þar í gegn úrgangsvatn úr hinum sundþrónum.
- c. Að nemendur úr skólum sem landið kostar, að meira eða minna leiti, í Reykjavík, fái ókeypís aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.
- d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig.

### Greinargerð.

Sundhallarmálið hefir verið til meðferðar á Alþingi oftar en einu sinni og verið nokkuð rannsakað og undirbúið. Á næstu missirum verður vatnið úr Laugunum hjá Reykjavík leitt til bæjarins til að hita hinn nýja barnaskóla og Landsspítalann. Eru þar með fengin undirstöðu-skilyrði sundhallarinnar, með því að henni mun fullkomlega nægja vatn það, sem búið er að hita barnaskólann. Mikill áhugi er vaknaður hjá íþróttamönnum í Reykjavík að hrinda sundhallarmálinu í framkvæmd, og bæjarstjórnin ákveðið fyrir sitt leyti að styðja að því að málið komist áleiðis fyrir 1930. Þykir sanngjarnt að landið leggi fram hálfan byggingarkostnaðinn með þeim skilyrðum sem fram eru tekin, en að bærinn kostli síðan rekstur og viðhald. Þykir því sjálfsgðara að landið styðji þetta mál, þar sem slík sundhöll myndi verða hin mesta lyftistöng íþróttáframfara í landinu, bæta heilsu fleiri en taldir verða og auka mjög þrifnað og hreinlæti almennings.